

## 25. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 25. ágúst 2005

Haldinn fimmtudaginn 25. ágúst hjá ÍSOR.

### Unifem

Bjarni og Þórunn hittu Rósu, Lilju og Birnu hjá Unifem í gær. Þær tilkynntu að Unifem ætla að styrkja Alnæmisbörn um 200.000 kr á ári í 5 ár. Einnig var rætt um mögulega þátttöku Alnæmisbarna í 16 daga kynningaátaki (25. nóv- 10. des). Aðgerðadagar gegn ofbeldi.

Einnig er framundan fundur allra stjórnna Unifem á Norðurlöndunum og mögulegt að Alnæmisbörn kynni CLF-verkefnið þá.

### Íþróttafélag

Einhvers konar íþróttafélag sem ekki vill láta nafn síns getið hefur verið lagt niður og mun gefa það sem eftir var í sjóðum félagsins (70-80 þ.kr) til Alnæmisbarna.

### Barnaheill

Stjórn Barnaheilla hefur ekki enn hist en lætur vita að loknum fundi.

### Heimssókn Gestis til Kampala

Gestur gerði upp við það starfsfólk sem var sagt upp. Þau voru ekki óánægð eða reið vegna uppsagnanna. Fransis er þingfréttamaður fyrir Radio Uganda og bílstjórinn er með vinnu sem bílstjóri hjá ráðuneyti. Naomi, félagsráðgjafi hefur ekki fengið vinnu. Naomi hefði ekki átt að fara skv. Gest. Naomi verður í sambandi við Gest. Þrír hafa verið í félagsráðgjafa-starfinu. Joan var fyrst, síðan Naomi og loks Fiona.

Létt var yfir fólkinu hjá CLF og börnin heilbrigð. Gestur hefur áhyggjur af því að þetta sé meiri framleiðsla en hjálp til að komast af götunni. Kertaframleiðslan gengur vel en erfitt er að fá vax. Gestur hitti þær 3 sem eru hjá Kitetika og þeim gengur vel. Ekki ljóst hvort tekjurnar hafi aukist af kertasölnunni í velgengninni. Alltaf stóð til að hækka dagpeningana til stúlkanna ef þess væri nokkur kostur. 7-10 stelpur eru í kertagerðinni.

Jóhannes skírari er með mann í að setja inn í AskSam.

Lilja sá að Gender-ráðuneytið í Uganda auglýsti styrk sem hentaði CLF. Umsókn var skilað inn en möguleikar voru kannski litlir en.. Umsóknin var unnin upp úr verkinu sem Jóhannes skírari vann. Nú er komið eins konar handrit að verkinu sem Gestur er með.

Staðfest var skráning CLF sem NGO með sömu "constitution" eins og áður. Getur lagði til að stjórn CLF væri þannig að hann sæti þar, einn úr Alnæmisbörnum, Katarina og John babtist. Nýja stjórnarskráin kom ekki til tals. Umgengnisreglur komu heldur ekki til tals.

Erla fékk aukafjárveitingu frá ÞSSÍ í fyrra (2004). Alls voru þetta 35 milljónir Uganda skilinga í stað 25,5 sem sótt var um upphaflega. Nú var sótt um 32 milljónir alls.

Vandræði með vax. Verið að skoða möguleika á að flytja inn vax. Það er einnig hugmynd að einhver geti útvegað vaxið og séð um að skaffa það sem fjárframlag til CLF. Hildur og Gestur finna út úr þessum vaxmálum.

Hildur hefur samband við Rósettu um hvort ekki sé hægt að taka fleiri stelpur inn í CLF.

BRK tekur að sér að ljósrita tölur um kostnað við að taka inn nýjar stelpur og sendir Gestu.

Kennari

Ákveðið að ráða kennara í ½ starf fyrir peninginn frá Unifem

Fleira var ekki rætt og fundi slitið. Næstu fundur verður þriðjudaginn 6. september, kl. 12:30.

Bjarni Reykr Kristjánsson ritaði fundargerð